

Sp.

62. Tillaga til þingsályktunar

um afnotagjald útvarpsnotenda.

Flm.: Þorsteinn Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera ráðstafanir til þess, að árlegt afnotagjald þeirra útvarpsnotenda, sem ekki hafa straumtæki, verði lækkað niður í 20 krónur og lækkun þessi verði látin ná til afnotagjalda fyrir árið 1938.

G r e i n a r g e r ð .

Samhljóða till. þeirri, sem hér er flutt, var borin fram á fyrra þingi 1937 af mér og hv. 1. þm. Rang., sem þá var (JÓI), en náði þá ekki afgreiðslu. Hafa tvisvar áður verið bornar fram þáttill. um lækkun afnotagjalds þeirra útvarpsnotenda, sem ekki hafa straumtæki, en þær gerðu ráð fyrir meiri lækkun en hér er farið fram á. Báðar þær tillögur dagaði uppi.

Tekjur útvarpsins hafa árlega farið mjög vaxandi, bæði fjölgað mjög útvarpsnotendum — sem nú munu vera á fimmtánda þúsund — og tekjur aukizt mjög af auglýsingum. Samanlagðar tekjur útvarpsins — þar með talinn ágóði af viðtækja-verzlun — eru nú mikið yfir hálf milljón króna á ári. Virðist því að tekjuafgangur, ekki lítill, gæti orðið af stofnun þessari, ef gætt væri hagsýni og sparnaðar við rekstur hennar.

Það var alls ekki ætlun Alþingis við stofnun útvarpsins, að það skyldi rekið sem tekjustofn ríkissjóðs, en var ætlað alþjóð sem ódýrt fræðslu- og skemmtitæki. Höfðu útvarpsnotendur fyllstu ástæðu til þess að gera ráð fyrir, að afnotagjöld lækkuðu undir eins og fært þætti, eða þegar rekstur útvarpsins bæri sig, en það er hann nú farinn að gera þrátt fyrir allt.

Ég vil ekki fara fram á meira en 10 króna lækkun afnotagjalds og aðeins láta þá lækkun ná til þeirra, sem langverst eru settir að nota móttökutækin. Mundi breyting sú, sem hér er farið fram á, hafa í för með sér rúmlega 30 þúsund króna tekjumissi fyrir útvarpið, að frádregnum innheimtulaunum þeirrar upphæðar. Hefir allur fjöldi þeirra manna, sem lækkunin nær til, ekki haft í annan tíma þrengra um hendur fjárhagslega en einmitt nú.

Að öðru leyti er vísað til greinargerðar fyrir sömu tillögu, fluttri á fyrra þingi síðastl. árs.